

Íslenskur iðnaður

02. tölublað 19. árg.

Febrúar 2013

Samtök iðnaðarins

SI

Vörðum leiðina IÐNÞING 2013



**Brad
Burnham**



**Dr. Laurence
C. Smith**



**Svana
Helen
Björnsdóttir**
formaður SI



**Guðbjörg
Edda
Eggertsdóttir**

Aðalfundur Samtaka iðnaðarins verður haldinn 14. mars á **Hilton Reykjavík Nordica** og hefst klukkan 11.00. Félagsmönnum er boðið til hádegisverðar en dagskrá Iðnþings hefst klukkan 13.00 og lýkur kl. 16.00. **Svana Helen Björnsdóttir** formaður SI flytur ávarp. Fundarstjóri Iðnþings er **Guðbjörg Edda Eggertsdóttir** forstjóri Actavis.

Á Iðnþingi verður fjallað um þau efnahagslegu tækifæri og þær ógnanir sem Ísland stendur frammi fyrir á næstu árum. Alþjóðlegir sérfræðingar á sviði náttúruvísinda, lýðfræði, nettækni og áhættufjárfestinga munu deila sýn sinni á breytingarnar sem framundan eru. Þessi þróun lýtur að hagkerfum norðurslóða, alþjóðlegum tækniheimi netsins og flestu þar á milli. Umfjöllunarefni fyrirlesaranna tengjast Íslandi sérstaklega og munu móta hagkerfið hér á landi til langrar framtíðar. Stefnumörkun heima fyrir verður þó líklega enn mikilvægari áhrifa-valdur en utanaðkomandi kraftar. Íslenskir stjórnmalaleiðtogar verða því fengnir til að sitja fyrir svörum og greina frá þeirri leið sem þeir vilja varða, hvernig þeir vilja lágmarka áhættu landsmanna af grundvallarbreytingum í umhverfinu og hvernig grípa skal tækifærin sem þær skapa.

Brad Burnham er Managing Partner hjá fjárfestingarfyrirtækinu Union Square Ventures í New York. Hann hefur um langa hríð fjárfest í fjölda tæknifyrirtækja og samfélagsmiðla með afar árangursríkum hætti. Twitter og Tumblr eru dæmi um félög sem sjöður hans á stóran hlut í. Brad telur að lagaumhverfið á netinu muni versna umtalsvert á næstu árum, sérstaklega í Bandaríkjunum. Hann hefur lagt til að Íslendingar nýti sér tækifærið og skapi hér á landi kjörlendi nýsköpunar og tækniframfara á netinu með einföldu lagaumhverfi og umhverfisvænum gagnaiðnaði.

Dr. Laurence C. Smith er prófessor í jarð- og geimvísindum við UCLA háskóla í Bandaríkjunum. Hann hefur rannsakað náttúrulega og efnahagslega framvindu á nyrsta hluta jarðkúlunnar, meðal annars hér á landi. Laurence hefur sett óvenjulega lýðfræði Íslendinga í sérstakt samhengi – ekki síst í samanburði við aðrar norðurljóðir. Laurence hefur sett fram margvíslega spádóma og ráðleggingar sem varða hagræna stefnumörkun á norðurslóðum. Hann gaf út bókina *The New North: The World in 2050* og er eftirsóttur fyrirlesari um allan heim.

Í pallborði sitja formenn Framsóknarflokks, Samfylkingar, Sjálfstæðisflokks, Vinstri grænna og Bjartrar framtíðar. Formennirnir verða inntir eftir stefnumálum flokkanna, ekki síst til langs tíma. Meðal annars verður rætt um stefnu flokkanna gagnvart þeim breytingum sem eru að verða í náttúrulegu umhverfi Íslands og hvort þeir telja að Ísland geti orðið kjörlendi fyrir tækniþróun á netinu, m.a. vegna þróunar löggjafar á Vesturlöndum. Þá verður rætt um atvinnusköpun hér á landi til skamms tíma, efnahagsþróun í Evrópu og tækifæri Íslendinga til að treysta stöðu sína. **Orri Hauksson**, framkvæmdastjóri stýrir pallborði.



Hvaða leið
verður vörðuð?

bls. 3

Í framboði til
stjórnar SI



Fimm þúsund
manns á UT
messu

bls. 5



Mörg
fyrirtæki SI
verðlaunið



bls. 7

Tækni-
og hug-
verkafing
2013

Hvaða leið verður vörðuð?

Það er ekki algengt að stjórnálmenn úr ólíkum flokkum tali einni röddu um málefni atvinnulífsins. Merki-legt nokk átti það sér stað nú um miðjan febrúar. Þá héldu Samtök iðnaðarins Tækni- og hugverkabing ársins 2013 ásamt samstarfsaðilum. Fulltrúar hvers stjórnálmflokks á fætur öðrum færðu þar fram afmarkaðar tillögur sem þeir töldu til hagsbóta fyrir umhverfi tækni- og hugverkafyrirtækja hér á landi. Þar glitti í sjaldgæfa þverpólítíska samstöðu varðandi framfaramál í skattkerfi, menntamálum og fjárfestingarumhverfi nýsköpunar. Vonandi skilar sá samhljómur sér inn á Alþingi og þaðan í löggjöf og aðgerðir.

Annað var sammerkt með málflutningi hinna ólíku flokka. Núverandi atvinnulíf landsins varð að mestu útundan í umræðunni, líkt og tilurð nýrra hugverkafyrirtækja væri einangruð starfsemi, sérstakt hagkerfi sem lítið hefði með hefðbundnar greinar að gera.

Nýsköpun ekki í tómarúmi

Flest hugverkafyrirtæki á Íslandi hófu starfsemi sína með því að skapa lausnir fyrir íslenskt atvinnulíf. Öflugustu tækni-fyrirtæki okkar eru sprottin upp úr matvælaframleiðslu, orkuöflun, verktöku, flutningastarfsemi, stóriðju og heilbrigðisþjónustu. Þau stunda sjálfbærar útflutning og skapa varanleg verðmæti sem bæta lífskjör allra landsmanna. Tölvuleikjafyrirtækin eru skemmtileg undantekning frá þeirri heimamarkaðs-reglu. CCP, Betware og Gogovic fluttu vörur út frá fyrstu stundu en upphaflegar afurðir þeirra komu Íslandi ekkert frekar við en öðrum löndum. Almenna reglan er hin að tækniyrirtækini hafa fyrst þróað lausnir hér heima fyrir og síðan notað þann grunn til að sinna hinum stóra heimi. Því er lykilaatriði fyrir nýsköpun í landinu að helstu atvinnugreinarnar séu burðugar og þess umkomnar að kalla eftir nýjum lausnum til að þróa eigin starfsemi. Megnið af þróun nýrra viðskiptalausna og tækniáferða í heiminum á sér stað í fyrirtækjum sem þegar eru til, aðallega innan veggja þeirra sjálfra en einnig í útviðstöðu formi. Einnig þarf að hafa hugfast að hið opinbera á Íslandi er fyrirferðarmikill kaupandi vöru og þjónustu. Þessi langstærsta hagræna eining landsins hefur sterk áhrif á ný-

sköpunarumhverfið og þarf að gæta þess að vera ekki eins og fill í postulínsbúð.

Erfitt að spá, sérstaklega um fortíðina

Því er það sérstakt keppikefli að stjórnvöld hvers tíma hafi skilning á að því að atvinnustarfsemi dagsins í dag er vistkerfið þar sem verðmætasköpun nánustu framtíðar á sér samastað. En baksýnis-spegillinn nýtur sífellt meiri vinsælda. Fjölmargar ríkisstofnanir hafa verið efl- ar á undanförunum árum til að gera þeim kleift að rýna nánar inn í fortíðina. Sum- um þessara stofnana virðist jafnvel ætlað að koma í veg fyrir bankahrunið 2008. Seðlabankinn, Samkeppniseftirlitið og Fjármálaeftirlitið hafa það með höndum árið 2013 að spá fyrir um hagvöxt, sam- keppnisstig og efnahagsreikninga lands- ins fram til ársins 2012. Þegar nýjar upplýsingar berast, versna yfirleitt spárnar fyrir árið á undan. Hluta þessa mannvits mætti snúa við og nýta til að huga að framtíðinni. Gjöfulasta viðfangs- efni okkar er að átta okkur á hvernig við sköpum sem best lífskjör í landinu frá og með deginum í dag. Þótt ekki sé síður erfitt að spá fyrir um framtíðina en liðna tíð, eru sterkir, sýnilegir ytri kraftar að verki bæði í mannheimum og í náttúr- unni. Þeir skapa forsendurnar og varða leiðina að því hvernig við nýtum tæki- færin sem bjóðast, um leið og við viljum bæggja frá okkur fyrirsjáanlegri hættu. Um þá framtíð verður rætt á Iðnþingi 14. mars.

Lærum af framtíðinni

Náttúruleg þróun er ör hér á norðurslóð og felur í sér fjölmörg tækifæri en einnig ýmsar ógnanir. Við höfum ekki á efni á að vera vanbúin enda munu þessir kraftar hafa áhrif á alla efnahagsstarf- semi landsins. Íslensk mannvirkjafyrir- tæki, verkfræðistofur og frumkvöðlar hafa þegar brugðist við og haslað sér völl á Grænlandi, í Noregi og úti á ball- arhafi. Orkuöflun á norðurhveli jarðar er í hraðri þróun sem mun hafa sterkari áhrif hér á landi en víðast annars staðar. Lýðfræði Íslendinga er talsvert frábrugð- in öðrum ríkjum og skapar ýmsar áhuga- verðar forsendur í heilbrigðistækni og velferðarþjónustu á næstu árum. Þá má gera ráð fyrir að togstreita milli tækni og löggjafar verði óvenjumikil í heiminum næstu árin. Sum stærstu fyrirtæki heims



Orri Hauksson
framkvæmdastjóri SI

hafa sprottið undrhratt upp af netinu á undanförunum árum. Velgengni þeirra hefur leitt til ýmissa viðbragða löggjafans í Norður-Ameríku sem ekki sér fyrir endann á. Fjölmörg tækifæri felast í þessari framvindu fyrir okkur Íslendinga, sérstaklega ef við látum af þeirri óskhyggju sem nú ber á, að við getum stýrt öllu misjöfnu í netheiminum með heimatilbúinni sérsmiði. Ennfremur er fjármálakreppa undanfarinna ára rétt að byrja að hafa langtímaáhrif á hagkerfi helstu viðskiptaríkja okkar í Evrópu. Sú þróun skapar ýmis ný viðfangsefni fyrir íslensk fyrirtæki. Þessi munstur í um- hverfi okkar, sem sum eru skýr en önnur óljós, ætlum við að greina á Iðnþingi, meðal annars með hjálp alþjóðlegra sérfræðinga. Við munum svo krefja stjórnálmaleiðtoga okkar um þá framsýni að geta varðað sannfærandi leið um þetta breytilega en áhugaverða landa- kort.

Verið velkomin á Iðnþing

Erlendur Steinn Guðnason tekur við framkvæmda- stjórnastarfinu af Svönu Helen Björnsdóttur

Erlendur Steinn Guðnason hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri hugbúnaðar- og ráðgjafarfyrtækisins Stika. Erlendur tekur við starfinu af Svönu Helen Björnsdóttur sem tekið hefur sæti sem starfandi stjórnarformaður Stika.

Erlendur Steinn er tölvunarfræðingur að mennt. Hann starfaði frá 2002 til 2012 hjá Símanum og sá einnig um framkvæmd við þróun fyrsta þjónustu- vers CCP á Íslandi við leikinn Eve Online.

Árið 2000 stofnaði Erlendur fyrir- tækið Íslandsvefi sem sérhæfði sig í að einfalda og hámarka þekkingarstjórnun hjá fyrirtækjum og var framkvæmda- stjóri þess. Erlendur var í stjórn Öyggismiðstöðvarinnar tímabilið 2010-2011 og er núverandi stjórnarformaður Sprettis.

Í framboði til stjórnar SI

Kosið er til almennrar stjórnarsetu til tveggja ára í senn. Í ár er kosið um fjögur sæti auk formanns-
sætis. Íslenskur iðnaður spurði frambjóðendur um áhugamál þeirra auk þess að grennslast fyrir um
ástæðu þess að viðkomandi býður sig fram til stjórnar Samtaka iðnaðarins.

Í kjöri til formanns SI

Svana Helen Björnsdóttir

f. 20. desember 1960, starfandi stjórnarformaður Stika. „Ég er verkfræðingur og rekstur eigin hátækniyrirtækis í yfir 20 ár hefur kennt mér margt um íslenskan iðnað og rekstrarskilyrði hans hér á landi. Í samstarfi við innlenda og erlenda aðila hefur mér læst að það eru mörg tækifæri til nýsköpunar og verðmætasköpunar í íslenskum iðnaði. Sem formaður SI mun ég beita mér fyrir því að íslenskum fyrirtækjum séu tryggð samkeppnishæf rekstrarskilyrði í alþjóðlegum samanburði. Ég vil að samtökin séu virk í mótun atvinnustefnu til langs tíma og stuðli að jafnræði atvinnugreina. Menntakerfið þarf að slá taktinn með atvinnulífínu og kveikja þarf áhuga ungs fólks á raunvísindum og tækni snemma í grunnskóla. Efla þarf verk- og tæknináms til mikilla muna. Ég vil sjá nýsköpun sem víðast og þvert á hefðbundnar atvinnugreinar með þátttöku erlendra fjárfesta. Við verðmætasköpun í samfélagi okkar þarf að fara saman hugvit, verkvit og siðvit. Skapa þarf vel launuð störf til langframa. Mikilvægt er að fyrirtækjum í alþjóðlegum vexti sé gert kleift að hafa höfuðstöðvar sínar á Íslandi. Bæta þarf hagtolugerð um íslenskan iðnað með það fyrir augum að greina betur verðmætasköpun og útflutning. **Áhugamál:** Nýsköpun, frumkvöðlafræði, íþróttir, skútusiglingar og argentínskur tangó.“

Í kjöri til stjórnar SI

Andri Þór Guðmundsson

f. 24. september 1966, forstjóri Ölgerðar Egils Skalla-
grímssonar. „Ég vil hafa áhrif á gang mála hjá SI. Ég
tel að starfið megi gera markvissara. Rödd iðnaðarins
þarf að heyrast hátt og skýrt og starfsumhverfi þarf að
bæta sérstaklega með tilliti til vaxtastigs og gjaldmiðils.
Áhugamál: Þau eiga það sammerkt að snúast um útveru
og eru helst fjallganga, golf, veiði og skíði.“

Halldór Einarsson

f. 23. desember 1947, framkvæmdastjóri Henson.
„Ég hef notið þeirrar ánægju að reka iðnfyrirtækið
HENSON í yfir fjörutíu ár þar sem hráefni er umbreytt í
söluvöru. Hver dagur er áskorun og vörubrúun stöðug
og spennandi. Með framboði mínu til stjórnar SI vil ég
miðla viðhorfum þeirra sem starfa í meðalstóru fyrirtæki
á opnum markaði. Að undanförunu hefur mikil áhersla
verið lögð á fjárfestingar í stóriðju en menn gleyma
því gjarnan að 95% fyrirtækja eru lítil og meðalstór.
Innan slíkra fyrirtækja eru nýsköpun, fjárfestingar og
ný störf sá slagkraftur sem atvinnulífið þarf á að halda.
Áhugamál: vinnan, íþróttir, listmálun og tónlist.“

Guðrún Hafsteinsdóttir

f. 9. febrúar 1970, markaðsstjóri Kjörís ehf. „Ég hef setið
í stjórn Samtaka iðnaðarins síðan í mars 2011. Það hefur
verið einkar ánægjulegt að hafa fengið tækifæri til að
kynnast enn betur en áður fjölbreytileika íslensks iðnaðar
og það hefur fyllt mig þeirri vissu að tækifæri okkar og
möguleikar eru gríðarlegir ef til framtíðar er horft. Alla tíð
hefur framleiðsla hvers konar vakið sérstakan áhuga minn
enda tel ég að innlend framleiðsla og iðnaður muni skipta
sköpum og gegna lykilhlutverki fyrir íslenskt samfélag til
framtíðar lítið. Eins og aðrir Íslendingar er ég afar stolt af
íslenskum fyrirtækjum. Ég vil sjá íslenskan iðnað vaxa og
eflast í sátt við umhverfi og samfélag. Til þess að svo geti
orðið þarf að standa vörð um hagsmuni íslensks iðnaðar
og gæta þess að íslensk fyrirtæki starfi á jafnréttisgrunni
óháð staðsetningu og starfsemi. Ég óska eftir umboði
félagsmanna til áframhaldandi stjórnarsetu og býðst til
þess að taka þátt í eflingu íslensks iðnaðar með hagsmuni
heilðarinnar að leiðarljósi.“

Ragnar Guðmundsson

f. 22. október 1965, forstjóri Norðuráls „Ég býð fram
krafta mína til stjórnarsetu hjá SI með það að markmiði
að bæta rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja og efla
samstarf milli atvinnugreina. Tækifærin eru til staðar
fyrir Samtökin að vera í forystu um framfarir og leita
leiða til að auka framleiðni í íslensku atvinnulífi. Í því
sambandi eru menntunarmál, gæðavottanir og aukin
rafræn viðskipti mér hugleikin. Þá lít ég svo á að
gagnlegt sé að áliðnaðurinn, sem ég hef starfað við
síðastliðin 15 ár, eigi fulltrúa í stjórn SI. Ennfremur tel
ég mikilvægt að íslensk iðnfyrirtæki standi saman og
berjist gegn sífelld auknum álögum hins opinbera. Nú er
brýnt að mynda samstöðu og standa vörð um eðlilegt
rekstrarumhverfi fyrirtækjanna. Að því markmiði á stjórn
SI að stefna. Ég er menntaður viðskiptafræðingur frá
Háskóla Íslands og með MBA gráðu frá McGill University
í Kanada. Við hjónin eigum fjögur börn á aldrinum 2-14
ára og með þeim ver ég flestum mínum frístundum.
Áhugamál: Þegar tækifæri gefst spila ég gjarnan golf og
í bílskúrnum stendur lítið notað mótörhjól.“

Jón Gunnar Jónsson

f. 13. júní 1961, framkvæmdastjóri Actavis. „Ég hef
gegnst stjórnunarstarfi í iðnfyrirtækjum í 25 ár. Fyrst
sem framleiðslustjóri Sláturfélags Suðurlands, síðan
sem framkvæmdastjóri hjá Alcan, bæði hér heima og
erlendis, og nú síðast sem framkvæmdastjóri Actavis ehf.
Við fengum á sínum tíma kjötiðnaðarfyrirtæki til að sam-
einast undir hatti Félags Íslenskra iðnrekenda (forvera
SI) og ég tel samstöðu og samtakamátt íslenskra iðn-
fyrirtækja skipta miklu máli í allri hagsmunabaráttu.
Ástæðan fyrir framboði til stjórnar Samtakanna er áhugi
á að leggja mitt af mörkum til þess góða starfs sem
Samtökin vinna. Það verður að tryggja iðnfyrirtækjum
raunhæfan rekstrargrundvöll og stuðla með öllum til-
tækum ráðum að samkeppnishæfni þeirra til framtíðar.
Aðlögun menntakerfisins að þörfum atvinnulífsins er mér
þar sérstaklega hugleikin. Einnig að „leikreglurnar“ sem
stjórnvöld setja séu sanngjarnar. **Áhugamál:** Siglingar,
skíði og útivist almennt ásamt hlaupum (m.a. maraþoni)
til að halda mér í góðu formi.“

Kolbeinn Kolbeinsson

f. 30. desember 1953, framkvæmdastjóri Ístaks
„Starfsskilyrði íslensks iðnaðar hafa versnað hin síðustu
ár. Þessari þróun verður að snúa við. Íslenskur iðnaður
þarf að beita sér í þjóðfélagsumræðunni og beina henni
úr þrátefli og í lausnir. Ég er málsvari þess að koma af
stað atvinnuskapandi og arðbærum verkefnum, jafnt
smáum sem stórum, með aðkomu innlendra og erlendra
fjárfesta. Íslenskum iðnaði þarf að tryggja jafnara
og samkeppnishæfara starfsumhverfi í alþjóðlegum
samanburði. Sérstaklega hef ég áhuga á að stuðla að
heilbrigðara starfsumhverfi fyrir mannvirkjagerð hér
á landi, á öllum stigum framkvæmda og undirbúningi
þeirra. Þá tel ég nauðsynlegt að samtök okkar hafi
forystu í að efla tæknimenntun og rannsóknir hér á
landi, enda aðrir ekki líklegir til þess. **Áhugamál:**
Mannvirkjagerð, menntamál og allt sem gefur lífinu gildi.“

Styrkir og fjármögnun til fyrirtæ

Nýsköpunarsjóður námsmanna

Um langt árabil hefur Nýsköpunarsjóður námsmanna stutt við rannsóknir námsmanna og stuðlað að því að þeir geti unnið að slíkum störfum á sumrin. Markmiðið er að gefa háskólum, rannsóknarstofnunum og ekki síst fyrirtækjum tækifæri til að ráða námsmenn í grunn- og framhaldsnámi í sumarvinnu við metnaðarfull og krefjandi rannsóknarverkefni. Bjarni Már Gylfason hagfræðingur SI situr í stjórn sjóðsins fyrir hönd SI. Bjarni segir að sjóðurinn hafi vaxið töluvert í kjölfar efnahagskreppunnar enda ákváðu stjórnvöld og Reykjavíkurborg að leggja sjóðnum til aukið fjárframlag á tímum þar sem atvinnuástand var slæmt. „Í fyrria bårust sjóðnum um

400 umsóknir og hægt var að styrkja 101 verkefni þar sem 170 nemendur fengu vinnu í rannsóknartengdum verkefnum af ýmsum toga. Umsóknir fara í gegnum ítarlegt mat þar sem sjóðurinn er farinn að notast við fagráð áður en stjórn tekur ákvarðanir um úthlutanir. Sjálfur myndi ég vilja sjá fyrirtæki sækja meira um í sjóðinn en háskólar og rannsóknarstofnanir eru býsna áberandi þegar kemur að úthlutunum úr sjóðnum“, segir Bjarni Már.

Reynsla Stjörnu-Odda

Stjörnu-Oddi hefur oft keyrt nokkur verkefni sem Nýsköpunarsjóður námsmanna hefur styrkt. Sigmar Guðbjörns-

son framkvæmdastjóri Stjörnu-Odda og formaður Samtaka sprotafyrirtækja segir að fyrirtækið hans hafi mjög góða reynslu af þessu og námsmenn sem hafa komið til starfa hjá honum oft verið tilnefndir til nýsköpunarverðlauna forseta Íslands og eitt árið unnið verðlaunin. Sigmar segir að vissulega séu þetta námsmenn með mismikla reynslu og því nauðsynlegt að stilla væntingum til þeirra í hóf. „Nauðsynlegt er að skilgreina verkefni vel, þannig að viðkomandi námsmaður hafi einfalt vinnuþverfni, ákveðin aðilar innan fyrirtækisins hafi umsjón með störfum námsmanns og að námsmaður hafi ávalt einhvern sem hann getur leitað til við framgang verkefnisins. Við förum fram á að allir okkar námsmenn skrái framvindu verkefnisins á tölvutæku formi frá fyrsta degi, búi til dagbók um þá þekkingu sem þeir afla sér og hvernig hún nýtist í verkefninu. Þannig verður lítið mál að útfæra loka-skýrslu þegar verkefninu lýkur. Margir af þeim nemendum sem við höfum fengið í gegnum styrki Nýsköpunarsjóðs hafa síðar verið ráðnir til félagsins“, segir Sigmar og hvetur fyrirtæki til að íhuga þennan möguleika.

Næsti umsóknarfrestur er 8. mars, nánari upplýsingar á www.rannis.is.



Um fimm þúsund manns á UT messu 2013

Um fimm þúsund manns sóttu opið húsið UTmessunnar 9. febrúar. Yfir 700 manns voru á ráðstefnu UTmessunnar sem haldin var daginn áður og tókst feiknarlega vel.

Tilgangur UTmessunnar, sem er einn stærsti viðburður ársins í tölvugeiranum, er að sýna almenningi hversu stór og umfangsmikil sú grein er orðin en öll helstu tölvu- og tæknifyrirtæki landsins og taka þátt í viðburðinum með einum eða öðrum hætti og hvetja fólk þannig til að kynna sér um hvað tölvuiðnaðurinn snýst.

Tugir áhugaverðra fyrirlestra, sýninga, keppnir og kennsla voru í boði svo og afhending verðlauna.

Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP, fékk UT verðlaun Ský 2013 en þetta er í fjórða sinn sem verðlaunin eru afhent. Í rökstuðningi valnefndar segir

að Hilmar Veigar sé góð fyrirmynd og frumkvöðull.

„Hann hefur verið óþreytandi í að vinna með og styðja menntastofnanir, allt frá grunnskóla upp í háskóla, þegar kemur að upplýsingatæknimiðaðu námi. Hilmar er verðug fyrirmynd unga fólksins og sýnir svo að ekki verður um villst að hægt er að ná langt með þrautseigjinni og að ekkert gerist ef ekki er haldið af stað og haldið áfram þó að í móti blási. Hann hefur einnig í gegnum starf sitt hjá CCP og Samtökum upplýsingatæknifyrirtækja aukið almennan áhuga á upplýsingatækni og nýsköpun.“

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti Guðrúnu E. Stefánsdóttur, eiginkonu Hilmars Veigars, verðlaunin á UTmessunni en Hilmar var staddur erlendis starfa sinna vegna.



Útboðsþing SI

Verklegar framkvæmdir 2013
Grand hótél Reykjavík
Föstudaginn 8. mars,
kl. 13:00 - 17:00

Samtök iðnaðarins boða til árlegs Útboðsþings, þar sem helstu verkkaupar leggja fram áætlanir sínar og áform um verklegar framkvæmdir.



Þróunarsjóður EFTA

Þróunarsjóður EFTA var stofnaður í þeim tilgangi að stuðla að efnahags- og félagslegum jöfnuði í þeim ríkjum sem þiggja aðstoðina. Heildarfrjárhæð sem varið verður til styrkja á árunum 2009 – 2014, nemur 1,79 milljörðum evra.

Styrkirnir skiptast í tvennt:

- **Rannsóknastyrkir í sex ríkjum:** Eistlandi, Lettlandi, Litháen, Póllandi, Rúmeníu og Ungverjalandi. Íslendingar hafa aðgang að styrkjum til samvinnu við rannsóknastofnanir í Rúmeníu.
- **Menntunar- og samskipta-styrkir:** Styrktarríkin í þeim hluta eru: Spánn, Búlgaría, Rúmenía, Slóvenía, Slóvakía, Tékkland, Ungverjaland, Pólland, Litháen, Lettland og Eistland. Íslendingar eiga aðild að allri þessari áætlun.

Hvert styrktarríki setur fram og rekur sína áætlun. Í því felst að fyrirtæki og stofnanir í þessum löndum eiga að vera í formlegu forsvari fyrir umsókn um styrk til stjórnvalda í sínu landi. Í samræmi við stefnuskrá sjóðsins er skilyrði fyrir styrkveitingu að verkefnið sé a.m.k. tvíhliða, þ.e. þátttaka stofnana sé frá einu eða fleirum EFTA ríkjum. Tekið skal fram að kostnaður stofnana frá EFTA ríkjum er greiddur í samræmi við þátt þeirra í verkefnunum og verðlagi í viðkomandi ríki.

Íslensk fyrirtæki og stofnanir eru hvött til að skoða vel hugsanleg viðskiptatækifæri og samstarfsverkefni sem í boði eru í þessum löndum. Áreiðanlegir samstarfsaðilar og vel gerð umsókn skipta miklu máli í því ferli sem felst að sækja um styrk til Þróunarsjóðs EFTA.

Frekari upplýsingar er að finna á vefsíðu Þróunarsjóðsins, www.eeagrants.org og vefsíðu Rannís, www.rannis.is Tengiliður við áætlunina er Viðar Helgason, Rannís. Tölvupóstfang vidar.helgason@rannis.is.



Mörg fyrirtæki SI verðlaunuð

Framúrskarandi fyrirtæki ársins voru verðlaunuð 7. febrúar en verðlaunin byggjast á greiningu Creditinfo um styrk- og stöðugleika fyrirtækja miðað við ýmsar lykiltölur og breytur.

Medis hf. fékk viðurkenningu fyrir að vera í efsta sæti á lista yfir Framúrskarandi fyrirtæki 2012. Valur Ragnarsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, tók við viðurkenningunni úr hendi Katrínar Júlíusdóttur, fjármálaráðherra.

Kælimiðjan Frost fékk viðurkenningu

fyrir að hafa hækkað mest á lista yfir framúrskarandi fyrirtæki síðastliðin þrjú ár en fyrirtækið er nú í 54. sæti á listanum.

Þá fékk Alefli viðurkenningu fyrir að hafa náð bestum árangri á lista yfir framúrskarandi fyrirtæki í þeirri atvinnugrein sem Creditinfo telur hafa búið við erfiðustu rekstrarskilyrði síðustu ár, þ.e. byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð. Fyrirtækið er í 241 sæti á lista yfir Framúrskarandi fyrirtæki árið 2012.

Af rúmlega 32 þúsund fyrirtækjum í hlutafélagaskrá sýna 358 fyrirtæki þann styrk í mælingum Creditinfo að verðskulda viðurkenninguna Framúrskarandi fyrirtæki. Það er ánægjulegt hve mörg iðnfyrirtæki og félagsmenn SI er að finna á listanum en auk ofangreindra þriggja má nefna Actavis, Axis-húsgögn, Árvirkjann, Bústólpa, CCP, Endurvinnsluna, Ferskar kjötvörur, Fossvélar, Frostmark, G. Skúlason Vélaverkstæði, GoPro, Gæðabakstur, Hampiðjuna, Héðinn, Héraðsprent, Hitastýringu, Hugvit, Iðnmark, ISS, Íssögu, Ísloft, Ístex, Kaffitár, Kaupfélag Skagfirðinga, Kjarnavörur, Kornax, LS Retail, Marel, Málningu, Málmosteypu Þorgríms Jónssonar, Microsoft Ísland, Naust Marine, Prenttækni, Promens, Rafeyri, Rafstjórn, Rafvirki, Ragnar Björnsson, Rio Tinto Alcan á Íslandi, Samey, Sláturfélag Suðurlands, Sláturhúsið Hellu, SR-Vélaverkstæði, Steinull, Stjörnu-Odda, Tannsmíðaverkstæðið, Tengil, Trefjar, Trésmiðjuna Rein, Trétak, Tréverk, Umslag, Vaka fiskeldiskerfi, Vegamálun og Össur.



Mentis Cura opnar greiningarstöð

Mentis Cura hefur undanfarinn áratug unnið að rannsóknum á sviði heilabilunarsjúkdóma og meðal annars þróað aðferð sem nýtist til að greina slíka sjúkdóma en Alzheimer er þar á meðal. Aðferðin byggist á að greina heilarit sjúklinga. Það er svo borið saman við heilarit sjúklingahópa úr gagnagrunni félagsins en fólk í þeim hópum hefur verið greint með ýmiss konar heilabilun.

Kristinn Johnsen og Lyfjaþróun ehf. stofnuðu Mentis Cura árið 2004. Framkvæmdastjóri félagsins er Kristinn D. Grétarsson.

Food'n Fun

Hin fjölsóttta og árlega matarhátíð Food & Fun verður haldin í Reykjavík dagana 27. febrúar – 3. mars næstkomandi. Þetta verður í 12 sinn sem hátíðin er haldin.

Meistarakokkar frá Ameríku og Evrópu koma til landsins og hafa umsjón með matreiðslu á bestu veitingahúsum Reykjavíkur í samvinnu við íslenska matreiðslumeistara. Veitingastaðirnir bjóða fjögurra rétta sælkeramáltíð á sama verði á öllum stöðum.

Keppt verður um „Food & Fun Chef of the Year“ verðlaunin sem eru orðin vel þekkt í sælkerheiminum.

Food and Fun á ríkan þátt í að kynna erlendum stórkokkum íslensk matvæli og er hátíðin orðin mikilvægur vettvangur til að kynna íslenskan sælkeramat.

Hátíðin hefur fengið umtalsverða umfjöllun í erlendum fjölmiðlum og meðal veitingamanna en á undanförunum árum hafa um 200 erlendir matreiðslumeistarar og fjöldi annarra matgæðinga og fjölmiðlamanna sótt hátíðina heim.

Samtök iðnaðarins sjá sem fyrr um Food and Fun í samráði við viðburðarfyrirtækið Main Course eh. sem er eigandi hátíðarinnar ásamt Icelandair.

Aðalbakhjarlar hátíðarinnar eru SI, Icelandair og Reykjavíkurborg en að auki kemur Íslandsstofa og fjöldi annara aðila og birgja að hátíðinni á margvíslegan hátt eins og undanfarin ár. Á síðasta ári skrifuðu SI, Icelandair og Reykjavíkurborg undir þriggja ára samstarfssamning í því skyni að tryggja áframhaldandi matargleði í Reykjavík þessa daga fyrir Íslendinga og þann sístækkandi hóp erlendra ferðamanna sem sækja hátíðina.

Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins
02. tbl. 19. árg. Febrúar 2013
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 19.02.2013
Prentvinnsla: Prenttækni ehf.

Ljósmyndir: Odd Stefán, bls. 4 Ský Engjateig,
bls. 5. Kristján Ingi

Utgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101

Kennitala: 511093-2019

www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is

Ábyrgðarmaður: Orri Hauksson

Ritstjóri: Rakei Pálsdóttir

Prófkalklestur: Rakei Pálsdóttir

Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Er byggingastjóratryggingin byggð á misskilningi?

Lög um mannvirki tóku gildi í byrjun árs 2011 og ný byggingarreglugerð, sem byggist á lögnum, tók gildi ári síðar. Þar er hlutverk byggingarstjóra skilgreint með mjög breyttum hætti frá fyrri lögum og reglugerð þar sem í gr. 4.7.1 nýrrar byggingarreglugerðar stendur;

„Byggingarstjóri er faglegur fulltrúi eiganda við mannvirkjagerð og starfar í umboði hans samkvæmt skriflegum ráðningar- eða verksamningi við eiganda. Byggingarstjóri skal gæta réttmætra hagsmuna eiganda gagnvart byggingaryfirvöldum, hönnuðum, iðnmeisturum og öðrum sem að mannvirkjagerðinni koma“ og í gr. 2.7.1 sömu reglugerðar stendur; „Byggingarstjóri mannvirkis framkvæmir innra eftirlit eiganda frá því að byggingarleyfi er gefið út og þar til lokaúttekt hefur farið fram.“

Af þessum skilgreiningum má ráða að byggingarstjóra er ætlað að vera faglegur eftirlitsaðili fyrir hönd eiganda enn ekki stjórnandi enda er hvorki að finna neitt ákvæði í lögnum né reglugerðinni um mannaforráð byggingarstjóra. Tekið er sérstaklega fram að hann beri hvorki faglega ábyrgð iðnmeistarara né fjárhagslega ábyrgð verktakans, samanber gr. 4.7.7 í byggingareglugerð þar sem stendur;

„Byggingarstjóri ber ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistarara eða hönnuða né því að iðnmeistarar og aðrir sem að verkinu koma uppfylli skyldur sínar samkvæmt verk- eða kaupsamningi.“

Hvað er verið að tryggja?

Byggingastjóratryggingar hafa hækkað umtalsvert á síðustu misserum en þess sjást ekki merki að tryggingarfélögin hafi tekið tillit til nýrrar skilgreiningar á hlutverki byggingarstjóra í nýjum lögum um mannvirki þegar þær tryggingar eru verðlagðar.

Furðu gegnir að byggingarstjóri, sem samkvæmt lögum hefur ekkert stjórnunarlegt vald varðandi efndir verksamninga, skuli með lögum krafinn um tryggingar en verktakinn, sem hefur skuldbundið sig til að afhenda tiltekið mannvirki gegn greiðslu, er hafinn yfir slíkt.

Einnig vaknar sú spurning hvers vegna byggingarstjóra ber að kaupa tryggingu umfram aðra sem sinna eftirliti með



Ferdinand Hansen
forstöðumaður gæðamála

mannvirkjagerð og hvað sé verið að tryggja?

Er hægt að tryggja sjálfan sig fyrir sjálfum sér?

Eigandi mannvirkis getur jafnframt verið byggingarstjóri ef hann uppfyllir kröfur laganna sem slíkur. Þetta ætti að vera algengt fyrirkomulag þegar iðnmeistarar byggja til að selja. Þá er spurningin þessi: Getur eigandi mannvirkis, sem jafnframt er byggingarstjóri, sótt í byggingarstjóratrygginguna í nafni eigandans ef honum sem byggingarstjóra hefur yfirsétt að fylgjast með að byggt sé samkvæmt lögum, reglum og hönnunargögnum.

Sveitarfélög og opinberar innkaupastofnanir sem ráða yfir starfsmönnum með byggingarstjóraréttindi geta verið byggingarstjórar yfir eigin verkum, samanber gr. 4.7.6 í byggingarreglugerð þar sem segir;

„Fyrirtæki og stofnanir geta í eigin nafni borið ábyrgð sem byggingarstjórar við mannvirkjagerð enda starfi þar maður við byggingarstjórn sem hefur starfsleyfi til að annast umsjón með þeirri gerð mannvirkis í samræmi við ákvæði 4. hluta þessarar reglugerðar. Starfsleyfishafi skal þá annast þau störf við mannvirkjagerðina sem byggingarstjóra er ætlað skv. reglugerð þessari.“

Geta fyrirtæki og stofnanir sem eigendur og byggingarstjórar á tilteknu verki sótt í tryggingu byggingarstjóra ef þeirra eigin starfsmanni hefur yfirsétt að fylgjast með að byggt hafi verið samkvæmt lögum, reglum og hönnunargögnum?

Það væri fróðlegt að fá álit Neytendastofu og Umboðsmanns neytenda á því hvort með því að krefjast tryggingar í lögum, sem litlar líkur eru á að hægt verði að ganga að ef illa fer, sé verið að blekkja neytendur með fölsku öryggi og hækka byggingarkostnað að óþörfu.



Tækni- og hugverkabing 2013

Samhljómur um skattalega hvata til fjárfestingar í fyrirtækjum og eflingu tæknináms

Tækni- og hugverkabing 2013 fór fram í Salnum, Kópavogi 15. febrúar. Á fundinum kynntu sex stjórn-máflakkar tillögur sínar að umbótum á starfsumhverfi tækni- og hugverkafyrirtækjum.

FORSENDUR ÁRANGURS í tækni- og hugverkaiðnaði

Á þinginu var horft til framtíðar, stöðu og starfsskilyrða tækni- og hugverkafyrirtækja á Íslandi sem byggja á þekkingarauðlindum og hvernig stjórnvöld, stoðkerfi og atvinnulíf geta unnið saman að því að koma umbótum í framkvæmd með aukinn árangur að leiðarljósi.

Góðar tillögur frá öllum frambjóðendum

Meginkjarni þingsins voru tillögur stjórn-máflakka. Hver flokkur í framboði til Alþingis átti þess kost að senda fulltrúa með tillögur til umbóta í formi þings-ályktunar, lagafrumvarpa, reglugerðabreytinga eða fjárlagatillagna sem miða að því að bæta starfsskilyrði tækni- og hugverkagreina á Íslandi. Fulltrúar sex flokka komu vel undirbúnir til þingsins og kynntu 1-3 tillögur hver. Að loknum framsöguerindum gáfu þátttakendur þingsins hverri tillögu einkunn á þar til gerð eyðublað, sem safnað var saman og unnið úr meðan þinggestir nutu kaffiveitinga og mannblendis.

Mjótt var á munum milli þeirra tillagna sem hæsta einkunn hlutu en svo fór að tillögur Samfylkingar röðuðu sér í þrjú efstu sætin, Framsóknarflokkurinn í

Röð	Einkunn	Stjórn-málafl.	Tillaga
1	3,95	Samfylkingin	Skattalegir hvatar til að örva vöxt litilla og meðalstórra fyrirtækja
2	3,75	Samfylkingin	Aðgerðaáætlun um eflingu verk- og tæknináms
3	3,69	Samfylkingin	Átak til eflingar fjárfestinga í tækni- og hugverkafyrirtækjum
4	3,66	Framsóknarfli.	Stuðningur við nýsköpunarfyrirtæki
5	3,61	Framsóknarfli.	Lífeyrissjóðir megi kaupa í félögum á First North markaði
6	3,51	Framsóknarfli.	Fjármögnun nýsköpunarverkefna á netinu
7	3,15	Björt framtíð	Uppbygging tækni- og hugverkaiðnaðar – 10 punkta plan
8	3,11	Vinstri græn	Um breytingu á lögum nr. 152/2009 um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki
9	2,90	Sjálfstæðisfl.	Að fela fjármála- og efnahagsráðherra að setja fram tímasetta, raunhæfa áætlun um endurskoðun á skattaumhverfi fyrirtækja með það að markmiði að einfalda skattkerfið og auka skilvirkni þess
10	2,82	Sjálfstæðisfl.	Að fela mennta- og menningarmálaráðherra í samvinnu við aðra ráðherra að færa fjármagn frá föstum framlögum máflakka og stofnana til samkeppnissjóða
11	2,66	Sjálfstæðisfl.	Að fela mennta- og menningarmálaráðherra að setja fram tímasetta, raunhæfa mennta- og nýsköpunarstefnu
12	2,59	Vinstri græn	Um aðgerðir til þess að draga úr brennslu jarðefnaeldsneytis
13	2,46	Vinstri græn	Um stuðning við rannsóknir og þróun í landbúnaði
14	2,20	Hægri græn	Fíatur skattur og einfalt skattaumhverfi-Ísland í fremstu röð í skattalegri samkeppni.
15	1,67	Hægri græn	Spjaldtölvur, þráðlaus nettenging, grænt tölvuský, rafræn þjónusta og nýting upplýsingatækni – Ísland í fremstu röð í tækni og hugverkumhverfi

næstu þrjú þar á eftir og tíu punkta plan Bjartrar framtíðar í það sjöunda.

Næstu skref – seinni hluti þingsins á haustdögum

Fundurinn var fyrri hluti þingsins í ár en seinni hluti fer fram á haustdögum í tengslum við umræður um fjárlagafrumvarp fyrir 2014.

Samtök iðnaðarins, Hátækni- og sprotavettvangur, Nýsköpunarmiðstöð

Íslands, stjórn-máflakkar í framboði til Alþingis, auk ráðuneyta forsætis-, atvinnuvega- og nýsköpunar-, fjármála-, mennta, utanríkis- og velferðar, háskóla og annarra aðila stoðkerfis og atvinnulífs standa að þinginu en tilgangur þess er að skapa vettvang fyrir bein samskipti þeirra sem reka tækni- og hugverkafyrirtæki á Íslandi og þeirra sem hafa áhrif á starfsskilyrði greinarinnar, ekki síst þeirra sem fara með löggjafarvaldið.



Liðsstyrkur er nýtt áttak til að berjast gegn atvinnuleysi og auka verðmætasköpun um leið.



Liðsstyrkur

**Nýtum tækifærið!
Verðum að liði, vinnum gegn atvinnuleysi.**

Skráning og nánari upplýsingar á www.lidsstyrkur.is

Atvinnurekendur sem grípa tækifærið strax og ráða í ný störf úr hópi þeirra sem lengst hafa leitað að vinnu, fá 186.418 kr. mánaðarlegt mótframlag fyrstu sex mánuðina. Þessi fjárhæð nemur grunnfjárhæð atvinnuleysisbóta að viðbættu 8% framlagi í lífeyrissjóð - en fer lækkandi eftir því sem liður á árið.



FRÓÐLEIÐ OG VILJUSAMLEIÐAHLUTTAK



Almannatöðin



Bændafag háskólamannir



BSRB



SAMBAND ÍSLENSKA SVETARFÉLAGA



SAMTÖK ATVINNULÍFISINS



VESTMANNAEYRINGSVOTTUR